

DV Smáauglýsingar – Sími 27022

Bílar til sölu



Blazer '74 til sölu, með 6 cyl. Peugeot dísilvél. Þarfnast viðgerðar á boddli. Uppl. í síma 91-74091 eftir kl. 19.



Bronco '74, endurbýggður, m/Benz dísilvél, 5 gíra kassa, veltistýri, upp-hækkaður, 35" Mudder, m/ökumæli, til sölu. Uppl. í síma 91-27113 eða 83643 á kvöldin.



Honda Civic GLI '88, 4 dyra, 1,4 90 ha, 16 v, 4 gíra, sjálfsk., vökvast. Mjög skemmtilegur bíll. Verð 800 þús. (nýr 970 þús.), skipti möguleg. Uppl. í síma 42321.



Volvo FL 611 '88 til sölu, með eða án kassa og lyftu. Uppl. í sínum 985-21160 og 91-652518.



Þessi bíll er til sölu, Benz 1417, árg. '70, áður R-52017. Ýmsir möguleikar á samningum. Uppl. í sínum 98-78305, 98-78384 og 98-78687 e.kl. 19.

Þjónusta



Húsaeinangrun hf. Að blása steinull ofan á loft/pakplötur og í holrúm er auðveld aðferð til að einangra án þess að rífa klæðningar. Steinullin er mjög góð einangrun, vatnsvarin og eldþol-in, auk góðrar hljóðeinangrunar. Veitum þjónustu um land allt. Húsa-einangrunin hf., símar 91-22866/82643.



fæst á
járnbrautar-
stöðinni
í Kaup-
mannahöfn

DV

Menning

Átta brosandir fjölskyldur á Selfossi:

Hver fjölskylda fékk rúma hálfa milljón

Nú brosa allir meðlimir átta fjölskyldna á Selfossi út að eyrum því „húsbændurnir“ á heimilunum lögðu í þúkk í getrauninum og fengu um síðustu helgi einir tólf rétta og fjórar ellefur að auki. Samtals fékk hópurinn, sem kallar sig „Dagskókk“ 4.583.106 krónur eða 572.888,25 krónur á hverja fjölskyldu.

Dagskókk hópurinn var stofnaður fyrir rúmum þremur árum og er nafn hópsins dregið af upphafsstöfum stofnenda. Margir stofnfélaga hafa dottið út en í hópnum eru nú átta típparar sem hittast alltaf á föstudagskvöldum í Inghóli á Selfossi og ræða um getraunir og ensku knattspyrnuna. Einn þeirra hefur það fyrir sið að fara í gufubað áður en athöfnin hefst. Þessir típparar eru

Ásbjörn Hartmannsson, David Wokes, Kjartan Björnsson (formaður Arsenalfélagsins á Íslandi), Olgeir Jónsson, Óskar Marelsson, Sigurður Grétarsson, Snorri Snorrason og Tómas Gunnarsson. Mætingarskylda er ekki og ræðst stærð kerfanna, sem notuð eru, af fjölda þátttakenda í hvert skipti.

Ráðlegging kostar tvær milljónir

Dagskókk hefur með þessum árangri sínum skipað sér í fremstu röð í hópkeppni Íslenskra getrauna því auk tólfunnar er Dagskókk með eina ellefu og tvær tíur. Mikið lán fylgir hópnum um þessar mundir. Fyrir viku fékk hópurinn eina ellefu á útgangsmarkjakerfið Ú 7-2-676. Rangt

var getið til um einn fastan leik en líkur á 11 réttum voru 20%. Kerfið gekk upp. Nú notaði hópurinn útgangsmarkjakerfið Ú 10-0-1653. Föstu leikirnir báðir voru réttir, svo og fimm af tíu útgangsmarkjum. Við þær aðstæður eru líkurnar 1/7 eða 14,28% að kerfið gangi upp og tólfan komi fram. Þannig gekk það þó í þetta skipti.

Þess verður að geta að einn þeirra félaga, Sigurður Grétarsson, hefur séð um að velja merkin á seðlana undanfarin fjögur skipti og hinir hafa ekki hreyft við tillögum Sigurðar. Félagar hans eru tilbúnir til samninga við aðra hópa sem vilja fá uppgefin rétt merki á næstu seðla en kaupverðið á Sigurði er tvær milljónir. E.J.

Kaiser og Tuborg ná varla 1. mars

Bæði Kaiser- og Tuborgbjórinn koma með skipi til landsins í dag. Í samtali við Svövu Bernhöft, innkaupastjóra hjá ÁTVR, var DV tjáð að hæpið væri að þessir bjórar kæmst í sölu 1.mars en það ætti eftir að skýrast. „Það þarf að skipa bjórnum upp og keyra hann í hús. Það tekur allt sinn tíma,“ sagði Svava. -hlh

Reglugerð um afurðastöðvar fyrir kartöflur:

Garðyrkjubændur vilja vera með

Undanfarið hefur verið í smíðum reglugerð um afurðastöðvar fyrir kartöflur. Nú hefur sú breyting orðið að Samband garðyrkjubænda hefur óskað eftir samfloti og eftir fund með fulltrúum þeirra hefur verið gengið frá nýjum drögum að reglugerð. Er ætlunin að skila þeim í endanlegri mynd til landbúnaðarráðherra um mánaðamótin.

Áður hefur verið sagt frá áhuga garðyrkjubænda á að vera með í samfloti við smíði þessarar reglu-

gerðar því talið er að um leið og hún taki gildi verði farið að endurgreiða söluskatt í þessum greinum.

Það er því ljóst, ef reglugerðin verður samþykkt, að þá verður öll sala á kartöflum, nýju grænmeti og sveppum í heildsölu, smásölu eða beint til neytenda óheimil nema í gegnum afurðastöð. Allar afurðastöðvar verða að hafa fengið starfsleyfi landbúnaðarráðuneytis að fenginni umsögn sölunefndar matjurta. -SMJ

DV

Menning

Veftir eins og kristallar


Þegar góðir listamenn eru komnir á ákveðið brokastig, hætta verk þeirra að vaxa út á við, en verða í staðinn innhverfari og hugrænni, þó án þess að tapa alveg jarðsambandi.

Ásgerður Búadóttir veflistamaður er fyrir löngu komin á þetta eftirsóknarverða stig.

Á sýningu hennar í Gallerí Borg, sem reyndar lýkur í kvöld, er eins og sérhver veft dragi ekki einasta saman hið séða í kjarna sem eru jafnheilir og margbrotnir og kristallar, heldur endurvarpar hún þessum sama kjarna inn í vitund áhorfandans.

Hluta af áhrifamætti vefta Ásgerðar má eflaust rekja til þess hve næm og kænlega hún komponerar með nokkur erkitýpisk form.

Þar ber mest á þríhyrningnum, gamalkunnnum lykli að andlegum



Ásgerður Búadóttir – Norðrið, 1986, 227x204 cm.

víddum, sem einnig getur verið fjall, kannski Venusarbjarg, eða uppspretta ljóss og líknar, en öll þessi fyrirbæri hafa ótakmarkað seiðmagn fyrir okkur Vesturlandabúa.

Hins vegar yrðu veftir hennar ansi

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

ein hæfar og staðnaðar, ef þríhyrningurinn bæri þær alfarið uppi, ef ekki kæmu til ótal tilbrigði um hið þríhyrnda form, skyggð og blæbrigðarík, sem dreifast eins og nótur um ofinn flötinn.

Á sýningu Ásgerðar eru níu veftir, annars vegar dökkar og jarðbundnar (1-5), hins vegar ljósleitar og tærar (6-9), en allar unnar af sérstakri íþrótt. Þeir sem ekki hafa enn barið augum þessi verk okkar fremsta veflistamanns, ættu að gera það áður en dagur er á enda.

-ai.

Karón skólinn

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST Í NÆSTU VIKU:

Almenn námskeið – 6 vikur

- Líkamsstaða, göngulag
- Fótaborður, fata- og litaval
- Andlits- og handsnyrting
- Hárgreiðsla og mataræði
- Borðsiðir, almenn framkoma o.fl.

Módelnámskeið – 7 vikur

- Sviðsframkoma, göngulag
- Hreyfingar, líkamsbeiting
- Snyrting fyrir sviðs- og ljósmyndir
- Hárgreiðsla, fatnaður o.fl.

Hanna Frimannsdóttir

Innritun alla daga frá kl. 16–20 í síma 38126

FERMINGARGJAFAHANDBÓK DV

Auglýsendur!

Hin margfræga feringargjafahandbók DV kemur út miðvikudaginn 15. mars.

Auglýsingum þarf að skila inn í síðasta lagi fyrir 6. mars.

Hringið og fáðið nánari upplýsingar



Þverholti 11 Sími 27022

